

Tillaga um óháða stjórnsýsluúttekt á umhverfissviði Kópavogsbæjar

Lagt er til að ráðist verði í óháða stjórnsýsluúttekt á umhverfissviði Kópavogsbæjar.

Bæjarstjóra er falið að leggja fyrir bæjarráð tillögu að nánari útfærslu þar sem fram komi afmörkun og umfang, kostnaðaráætlun, tímalína með skiladögum, tillaga að vali á óháðum aðila ásamt hæfisskilyrðum og fyrirkomulag gagnaafhendingar.

Bæjarráð hafi yfirumsjón með úttektinni. Niðurstöður skulu lagðar fyrir bæjarráð ásamt tillögum að úrbótum, forgangsörðun aðgerða og mælikvörðum til að meta árangur.

Markmið

Markmið úttektarinnar er að fá heildstæða og hlutlæga mynd af starfsemi umhverfissviðs, þ.e. skipulagi, mönnun, verkefnaálagi, útgjöldum, verkferlum, afgreiðslutíma, lögmæti málsmeðferðar og þjónustu.

Úttektin skal leiða í ljós hvar helstu flöskuhálsar eru, hvar mál stöðvast og hvaða breytingar þarf að gera til að auka skilvirkni og tryggja skýrari og fyrirsjáanlegri stjórnsýslu án þess að slakað sé á gæðum eða lögbundnum kröfum. Úttektin taki til þróunar síðustu fimm ára eftir því sem gögn leyfa.

Umfang úttektar

Úttektin taki meðal annars til eftirfarandi þátta:

- Rekstrar- og útgjaldaþróunar
- Mönnunar, stöðugilda og samræmis milli verkefnaálags og mannafla
- Skipurits, verkaskiptingar og ábyrgðarskiptingar
- Fjölda mála eftir málaflokkum, fjölda mála í vinnslu og bið, aldurs óafgreiddra mála
- Meðalafgreiðslutíma eftir málaflokkum og samanburðar á því hvaða mál ganga greiðlega og hvaða mál taka lengstan tíma
- Helstu flöskuhálsa í málsmeðferð, verkferla og ákvarðanatöku innan sviðsins
- Samræmis málsmeðferðar við stjórnsýslulög, skipulagslög, lög um mannvirki og lögbundna afgreiðslufresti
- Aðgengis að upplýsingum og leiðbeiningum, stafrænna lausna og nýtingar þeirra
- Samskipta bæjarins við íbúa, umsækjendur, hönnuði, lóðarhafa og byggingaraðila
- Núverandi áætlanir með það að markmiði að leiða til aukinnar skilvirkni og bættra samskipta
- Samanburðar við sambærileg sveitarfélög eftir því sem við á

Í útfærslu skal forgangsraða innan umfangsins svo úttektin nái dýpt á þeim sviðum sem mestu skipta fremur en yfirborðslegri umfjöllun um alla þætti.

Sérstök áhersla

Sérstök áhersla verði lögð á skipulags-, byggingar-, framkvæmda- og lóðamál vegna mikilvægis þeirra fyrir uppbyggingu, atvinnulíf, húsnæðisþróun og þjónustu við íbúa.

Sérstaklega verði skoðuð samskipti bæjarins við byggingaraðila, hönnuði og lóðarhafa. Fram hafa komið ítrekaðar ábendingar um að erfitt reynist að fá skýr svör um stöðu mála, kröfur og næstu skref. Úttektin skal staðreyna hvort og að hvaða marki þær eigi við rök að styðjast og greina orsakir.

Aðferð

Úttektin skal byggja á greiningu gagna, yfirferð verkferla og viðtölum við stjórnendur og starfsfólk. Eftir því sem við á verði einnig leitað sjónarmiða notenda þjónustunnar, svo sem hönnuða, byggingaraðila og lóðarhafa, og stuðst við samanburð við sambærileg sveitarfélög.

Val á úttektaraðila

Úttektaraðili skal vera óháður Kópavogsbæ, uppfylla almenn hæfisskilyrði og hafa ekki veruleg nýleg tengsl við bæinn sem dregið geta hlutleysi í efa. Umhverfissvið stýri hvorki umfangi, vali á aðila né gagnaaðgangi. Bæjarráð fari með yfirumsjón og aðila skal tryggður aðgangur að gögnum og starfsfólki, eins fljótt og auðið er hverju sinni.

Gætt skal að persónuverndarlöggjöf og þátttakendum í viðtölum tryggður trúnaður, enda er það forsenda þess að hreinskilin svör fái.

Úttektaraðili skili bæjarráði greinargerð með niðurstöðum, greiningu á rótum vandans, raunhæfum úrbótatillögum, forgangsröðun aðgerða og mælikvörðum til að meta árangur.

Greinargerð

Umhverfissvið fer með umfangsmikil og mikilvæg verkefni. Kópavogsbær þarf að geta afgreitt mál hratt og örugglega án þess að slakað sé á gæðum, kröfum eða lögbundinni málsmeðferð.

Fram hafa komið vísbendingar um að misbrestur sé á þessu. Dæmi eru um að lóðarhafar hafi skilað lóðum og fjöldi ábendinga hafa borist um erfiðleika við að fá svör frá sviðinu og um ófyrirsjáanlega málsmeðferð. Greina þarf hvort og að hvaða marki rekja megja þetta til skipulags, mönnunar eða verkferla og hvar úrbóta er þörf.

Óháð stjórnsýsluúttekt er nauðsynlegt skref til að fá skýra og hlutlæga yfirsýn, greina flöskuhálsa og leggja fram raunhæfar úrbætur. Markmiðið er að gera stjórnsýslu sviðsins skilvirkari, fyrirsjáanlegri og traustari og styðja við að Kópavogur sé sveitarfélag þar sem aðlaðandi er að byggja og framkvæma.

F.h. Miðflokksins í Kópavogi

Einar Jóhannes Guðnason
bæjarfulltrúi